



Naustatjörn – Naustaskóli – samstarfsáætlun

Endurskoðuð í ágúst 2025

Húsnæðismál;

- Naustaskóli lætur í té húsnæði fyrir tvær deildir Naustatjarnar og eru deildir leikskólans því sex. Naustatjörn borgar leigu af þessu húsnæði.
- Húsnæðið sem Naustatjörn hefur til afnota er á jarðhæð skólans, við inngang 1. bekkjar. Um er að ræða tvær stórar stofur, 58 og 67fm., þrjú hóprými, 18 fm, 9 fm og 8 fm, geymsla 8 fm., gangur 7 fm, vinnustofa 18 fm. Samtals eru þessi rými 193 fm. Naustatjörn og Naustaskóli samnýta forstofu en auk þess hefur Naustatjörn afnot af húsnæði Naustaskóla eftir nánara samkomulagi s.s. samkomusal, íþróttasal. o.fl.

Starfsmannamál;

- Við leikskóladeildirnar starfa að jafnaði sex kennarar. Starf deilda byggir á hugmyndafræði leikskóla og er undir stjórn skólastjóra Naustatjarnar líkt og kennarar deilda. Forföll þar eru leyst af Naustatjörn.
- Naustaskóli leggur til starfsmenn í mötuneyti, þeir starfsmenn eru ráðnir að Naustaskóla og heyra undir skólastjóra en lúta verkstjórn matreiðslumanns Naustaskóla við störf sín. Stjórnendur skólanna funda sameiginlega með starfsfólki eldhúss 3-5 sinnum yfir veturinn.

Skipulagning starfs;

- Stjórnendur skólanna hittast mánaðarlega yfir veturinn á formlegum samstarfsfundum þar sem m.a. er rætt um samstarf skólanna.
- Skólarnir hafa náið samráð við gerð skóladagatala og leitast við að ná sem mestri samræmingu á þeim.

Nám og kennsla;

- Samstarf er á milli kennara leikskóladeilda og kennarateymis 1.bekkjar. Í ágústmánuði ár hvert hittast kennarar Sunnuhvals og Fífilbrekku og kennarar 1. bekkjar og vinna að framkvæmdaáætlun fyrir samstarf vetrarins, tímasetningar viðburða o.þ.h. stjórnendur skólanna sitja jafnframt þessa fundi.
- Deildarstjórar leikskóladeilda og kennarar 1. bekkjar hittast einnig mánaðarlega, klukkustund í senn til að skipuleggja, undirbúa og endurmeta samstarfið þar sem nemendur beggja skólastiga blandast skv. framkvæmdaáætlun, einnig vinna nemendur saman að þemaverkefnum í blönduðum hópum.
- Möguleiki er á að blandaðir hópar fari í útikennslu og ævintýraferðir í Naustaborgir.
- Í samráði við foreldra getur sá möguleiki verið fyrir hendi að einstakir nemendur færist á milli skólastiga hluta úr degi.

Jákvæður agi / fræðsla;

- Skólarnir stefna að sameiginlegri fræðslu starfsfólks í málefnum tengdum jákvæðum aga.

- Skólarnir stefna að sameiginlegri fræðslu/námskeiðum fyrir foreldra á haustönn ár hvert.
- Starfsmönnum beggja skóla stendur einnig til boða að sitja ákveðna fræðslufundi sem önnur hvor stofnunin stendur fyrir. Er fyrirkomulag ákveðið hverju sinni.

Mötuneyti

- Matreiðslumaður Naustaskóla annast matreiðslu fyrir báða skólana og er starfsstöð hans í mötuneyti Naustaskóla.
- Báðar stofnanir leggja til starfsmenn í mötuneytið í samræmi við úthlutaðar stöðuheimildir. Skipuleggur matreiðslumaður þeirra störf en þeir aðstoða við undirbúning, matseld, matarafgreiðslu, uppvask og frágang.
- Fæði er selt samkvæmt þeim reglum sem gilda á hvoru skólastigi fyrir sig.
- Skólastjóri Naustatjarnar sér um að lykla reikninga fyrir mötuneytið.
- Rekstarstjóri skóladeildar sér um uppgjör á fæðis kaupum milli skólanna.
- Tilfallandi innkaup á búnaði vegna eldhúss skiptast milli stofnananna þannig að Naustaskóli greiðir 75% en Naustatjörn 25%.

Dagsetning undirritunar

11. ágúst 2025

f.h. Naustatjarnar

Inga Bára Ragnarsdóttir skólastjóri

f.h. Naustaskóla

Bryndís Björnsdóttir skólastjóri